



Skólaráð

Fundargerð: 21.04.2023

Mættir:

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri
Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir, fulltrúi kennara
Ragnar Gestsson, fulltrúi kennara?
Ósk Unnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Kamilla Hafdís Ketel, fulltrúi nemenda
Kári Þór Steindórsson, fulltrúi nemenda
Helgi Sigurðsson, fulltrúi grenndarsamfélags
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra
Ragnar Finnur Sigurðsson, boðar forföll
Fundarritari: Sigrún Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri

Dagskrá fundar:

- Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn
- Skipulag skólastarfs 2023 – 2024
- Skólareglur – kynning á niðurstöðum rýnihópa
- Önnur mál

1. Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn – drög að reglum

Fundur sammála um að breyta dagafölda í þrepum þannig að í þrepi 1 sé miðað við 5 daga, þrepi 2, 10 daga, í þrepi 3, 15 daga, í þrepi 4, 20 daga og í þrepi 5, 25 daga.

Í formála leggur fundur til að á hverju þrepi er hægt að óska eftir aðkomu sérfræðinga innan skólans innan þess sem við á í samráði við forsjáraðila.

Í þrepi 2 leggur fundur til breytingar á orðalagi. Gunnlaug ætlar að breyta texta og styðja sig við orðalag frá Árborg.

Þrepi 5 er lögð til breyting á orðalagi að taka út samvinnu og að setja í staðinn að forsjáraðilar eru upplýstir.

Hreinrita þarf ofangreindar ábendingar. Í framhaldi verður skjalið sent á fundarmenn til samþykktar.

2. Skipulag skólastarfs, áætlaður nemendafjöldi og áætlun um starfsmannamál 2023 – 2024

Gunnlaug upplýsir fund um hvaða stöður voru auglýstar á dögnum og ástæður þeirra.

Áætlaður nemendafjöldi fyrir næsta skólaár verður 105 nemendur.

Óvissuþáttur er hvort að Árborg samþykki áfram nemendur sem að koma frá þeim sem að gæti orðið til þess að nemendum Flóaskóla myndi fækka niður í 94/97.

3. Skólareglur – kynning á niðurstöðum rýnihópa foreldra og nemenda

Í rýnihópum komu fram góðar ábendingar um skólareglur, sérstaklega varðandi breytt orðalag.

4. Önnur mál

11 umsækjendur voru um stöðu skólastjóra og viðtöl hefjast í næstu viku.

Fundi slitið kl. 09:35